


Afbrot á höfuðborgarsvæðinu 2016

Bráðabirgðatölur





Afbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2016

Hér eru skoðaðar upplýsingar um afbrot og verkefni hjá LRH árið 2016 borið saman við fyrri ár. Um er að ræða **bráðabirgðatölur** sem teknar voru út úr kerfum lögreglunnar þann 29. de-


sember 2016. Þessar upplýsingar ættu þó að gefa innsýn í hver staðan verður þegar árið verður gert upp. Fjallað er um öll skráð brot sem fengu framgöngu.

Helstu niðurstöður

- Við lok árs 2016 höfðu 8.406 hegningarlagabrot verið skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.
- Eru það um níu prósent færri brot en voru tilkynnt árið 2015.
- Skráð voru 25.628 umferðarlagabrot í embættinu árið 2016, sem eru um 11 prósent færri brot en árið 2015.
- Árið 2016 fækkaði sérrefsilagabrotum um fjögur prósent frá árinu 2015.
- Auðgunarbrot voru rúmlega helmingur allra skráðra hegningarlagabrota.
- Skráðar voru 4.218 tilkynningar um auðgunarbrot árið 2016, sem er fækkun um 18 prósent samanborið við árið 2015.
- Innbrotum fækkaði um 22 prósent árið 2016 frá árinu á undan, eða um 238 brot.
- Að meðaltali var tilkynnt um tæplega 71 innbrot á mánuði árið 2016, eða rúmlega tvö brot á dag. Árið 2015 var að jafnði tilkynnt um tæplega 90 brot á mánuði, eða um þrjú innbrot á dag.
- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 252 tilkynningar um kynferðisbrot árið 2016, en 276 árið 2015. Tilkynningum fækkaði því um tæplega níu prósent
- Þar af fækkaði tilkynntum nauðgunum um sjö prósent á milli ára.
- Tilkynnt var um álíka mörg ofbeldisbrot árið 2016 og árið 2015.
- Fjöldi ofbeldisbrota árin 2015 og 2016 er þó töluvert meiri miðað við árin á undan, en við upphaf árs 2015 tók í gildi nýtt verklag í heimilisofbeldismálum sem leiddi til mikillar fjölgunar heimilisofbeldismála sem skýrir að hluta þessa fjölgun minniháttar líkamsárása árin 2015 og 2016.
- Fjöldi eignaspjalla og nytjastulda stendur nánast í stað á milli ára.
- Skráðar voru 1.316 tilkynningar um eignaspjöll árið 2016, en 1.314 árið áður.
- Fíkniefnabrotum heldur áfram að fækka líkt og árið 2015. Skráð voru 1.267 fíkniefnabrot árið 2016 sem eru um fimm prósent færri brot en voru skráð árið áður.
- Þar af fækkaði málum vegna framleiðslu fíkniefna hlutfallslega mest, eða um 37 prósent.
- ⇒ Hafa ber í huga að þessar tölur ná einungis til þeirra mála sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu stofnar til. Auk þessara mála kemur LRH að rannsókn fjölda annarra fíkniefnabrota sem koma upp víða um landið.
- Lögregla og tollgæsla lögðu hald á nokkuð minna magn fíkniefna árið 2016 miðað við árið 2015. Haldlagt magn sveiflast nokkuð ár frá ári.
- Töluvert meira var haldlagt af hassi og metamfetamíni en undanfarin ár, en þó nokkuð minna magn annarra fíkniefna var haldlagt.
- Rúmlega 30,5 kg. af marjúana voru haldlögð árið 2016 og um það bil níu kg. af amfetamíni.



Afbrot í umdæmi LRH



Mynd 1. Fjöldi hegningarlagabrota, sérrefsilagabrota og umferðarlagabrota árin 2011 til 2016

Hegningarlagabrot

Tafla 1. Fjöldi helstu hegningarlagabrota árin 2011 til 2016 (ath. tölur fyrir árið 2016 eru bráðabirgðatölur)

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Auðgunarbrot	5.430	4.989	4.751	4.501	5.126	4.218
Þjófnaður	3.311	3.317	3.316	3.119	3.493	2.852
Innbrot	1.463	1.012	851	881	1.064	826
Rán	38	45	47	46	50	42
Hilming	101	111	77	50	64	44
Gripdeild	58	52	42	39	62	50
Fjársvik	326	334	315	276	297	318
Fjárdráttur	91	71	70	48	36	38
Auðgunarbrot, annað	42	47	33	42	90	48
Kynferðisbrot	220	236	416	238	276	252
Nauðgun	81	84	114	71	126	117
Kynferðisbrot gegn börnum	60	64	113	85	60	42
Klám/barnaklám	17	17	21	11	22	4
Vændi	9	22	98	9	6	5
Kynferðisbrot, annað	53	49	70	62	62	84
Manndráp og líkamsmeiðingar	679	757	781	880	1.186	1.169
Líkamsárás, minniháttar	538	584	630	689	998	982
Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	110	133	124	152	156	147
Líkamsárás, annað	31	40	27	39	29	89
Eignaspjöll og nytjastuldur	1.850	1.530	1.372	1.551	1.674	1.648
Minniháttar skemmdarverk	1.513	1.278	1.174	1.238	1.277	1.289
Meiriháttar skemmdarverk	23	22	25	29	37	27
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	314	230	173	284	360	332



Sérrefsilagabrot

Tafla 2. Fjöldi fíkniefnabrota árin 2011 til 2016 (ath. tölur fyrir árið 2016 eru bráðabirgðatölur)

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Fíkniefni	1.183	1.325	1.514	1.737	1.333	1.267
Flutningur fíkniefna milli landa	55	68	147	217	159	194
Framleiðsla fíkniefna	207	176	140	97	73	46
Sala og dreifing fíkniefna	104	115	177	201	133	103
Varsla og meðferð ávana og fíknief	729	892	1.026	1.205	947	898
Ýmis fíkniefnabrot	88	74	24	17	21	26

Tafla 3. Magn fíkniefna sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og tollur haldlögðu á árunum 2011 til 2016 (ath. tölur fyrir árið 2016 eru bráðabirgðatölur)

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Hass (g)	1.377	546	173	357	1.395	5.702
Marijúana (g)	27.856	19.743	30.786	56.662	46.033	30.573
Tóbaksblandað (g)	184	214	316	264	247	237
Amfetamín (g)	30.897	10.736	28.145	3.438	22.658	8.710
Metamfetamín (g)	17	0	81	68	13	1.014
Ecstasy (g)	236	894	101	144	3.513	1.802
Ecstasy (stk)	47.842	1.073	573	1.321	4.035	1.829
Kókaín (g)	1.929	4.279	830	980	6.027	2.879
Heróín (g)	0	0	0,9	0	0,4	0
LSD (stk)	4.488	14	115	2.761	700	328